

# Yfirlýsing frá Samtökum um dýravelferð á Íslandi (SDÍ)/ Animal Welfare Iceland

Stjórn Samtaka um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) vill koma eftirfarandi á framfæri:

Ítrekað reyna stuðningsmenn blóðmerahalds að halda því fram að gagnrýni á blóðmerahaldinu snúist einungis um það óhugnalega innihald myndbandsins sem gefið var út af svissnesku dýraverndunarsamtökunum AWF/TSB. Þeir halda því fram í málflutningi sínum að um undantekningu sé að ræða og ekki eigi að dæma iðnaðinn á grunni atvika. Vissulega var myndbandið kveikurinn af þeim umræðum sem eru að eiga sér stað í dag en vandamálið er mun margþættara.

1. **BLÓÐMAGN:** Það eru teknir allt að 40 lítrar af blóði úr fylfullum og oftast mjólkandi merum yfir 8 vikna tímabil. Þær þurfa að endurnýja allt sitt blóðmagn og 8- 15 lítra til viðbótar á þeim tíma. Það gefur auga leið að þessu fylgir líkamlegt álag og þjáning. Fólk vill gjarnan líkja blóðtöku mera við bljóðgjafir manna. Þar er stórfelldur munur á. Konur mega gefa blóð á **4 mánaða fresti** og gefa þá **9%** af blóðmagni sínu í senn. Tilgangur blóðgjafarinnar er göfugur, þ.e. að bjarga lífum og hjálpa veikum. Aldrei gefa þungaðar konur blóð. Við blóðtöku fylfullra mera er fjarlæggt **15-20%** af blóðmagni **vikulega** í þeim tilgangi að framleiða frjósemislyf fyrir tilistilli iðnaðarbúskapar. Það er vel þekkt í vísindum að lífeðlisfræði spendýra er slík og er útilokað að ætla að hryssurnar finni ekki fyrir þessum mikla blóðmissi. MAST hefur nú gefið það út að meðalaldur blóðmera er 10.7 ár þegar íslenskir lifa oft við góða heilsu hátt í 25 ár og lengur. Þær fullyrðingar um að lítið sé um afföll í iðnaðnum og því þoli merarnar blóðtöku vel er varhugaverðar. Þröskuldur dýravelferðar á ekki að vera svo lágur að hann liggi á mörkum lífs og dauða. Blóðmagn og tíðni fer langt umfram heilsusamleg mörk samkvæmt þeim vísindum sem til eru um blóðtöku hrossa. Til eru ritrýndar vísindagreinar sem unnar voru af fagfólki með sérþekkingu á lífeðlisfræði hrossa. Þar má t.d nefna formann evrópsku hestadýralæknasamtaka FEEVA, Mette Uldall en hún er meðal höfunda vísindagreina þar sem þessi öryggismörk blóðtöku eru sett fram.

Table 1. Recommended blood volume limits and recovery periods (reprinted with permission and modified from [78]).

Single Sampling *		Repeat Sampling	
% Circulating Blood Volume Removed in A Single Sampling	Approximate Recovery Period	% Circulating Blood Volume Removed in 24 h	Approximate Recovery Period
7.5%	1 week	7.5%	1 week
10%	2 weeks	10-15%	2 weeks
15% *	4 weeks	20%	4 weeks

\* For single sampling it is not recommended to remove >15% of the blood volume due to risk of hypovolemic shock.

2. **RANNSÓKNIR:** Fyrirtækið Ísteka hefur í mörg ár fullyrt að til séu rannsóknir sem sýna að neikvæð áhrif á heilsu hryssanna vegna blóðtöku væru engin. Fjöldi fólks (þingmenn, dýralæknar, MAST) hafa vísað í þessar rannsóknir í málflutningi sínum til varnar blóðmerahaldi. Þessar rannsóknir eru ekki til, það hafa MAST og Dýralæknafélag Íslands loksins staðfest.

3. **EFTIRLIT:** Matvælastofnun hefur það hlutverk að sinna eftirliti blóðmerahalds. Þar hefur stofnunin brugðist hlutverki sínu. Dæmi um vanvirkni eftirlitsins er að fagfólk stofnunarinnar hefur ekki kynnt sér blóðmagn íslenska hestsins og leyft blóðtökuna án þess að gera grein fyrir því hversu mikið blóð er tekið hlutfallslega. Stofnunin styðst við ófullnægjandi mælingar og upplýsingar sem gefnar eru að hálfu þeirra sem hagnast verulega á blóðtökunni. Ýmis atriði í myndbandinu (ofbeldi, notkun nála og óhreinlegar aðferðir) bera einnig vitni um að innra eftirlit er meingallað. Fagráð um velferð dýra hefur það hlutverk að fylgjast með þróun dýravelferðamála og upplýsa Matvælastofnun um mikilvæg málefni á sviði velferðar dýra hefur tekið undir það að eftirlit með blóðmerahaldi hafi verið ábótavant.

4. **TILGANGUR:** Blóðtakan gengur út á það að vinna hormón úr blóði hryssanna. Hormónið er svo notað sem frjósemislyf fyrir spendýr í verksmiðjubúskap. Það er vinsælt frjósemislyf sem notað er á gylltur sem fyrir vikið eiga fleiri grísi og gjóta oftast en þeim eðlilegt er. Þjáning íslenskra mera leiðir að frekari þjáningu erlendra gyllta við hörmulegar aðstæður. Tilgangurinn er ekki göfugri en það og samrýmist ekki ímynd um sjálfbæran og náttúruvænan landbúnað sem íslenskur landbúnaður telur sig standa fyrir. Svissneskir svínabændur gáfu frá sér yfirlýsingu á dögnum þess efnis um að notkun PMSG verði alfarið hætt í þeirra búskap þar sem þeir vilja ekki láta bendla sig við blóðmeraiðnaðinn lengur. Til er fjöldi lyfja sem nota má í stað PMSG, hægt er að nálgast lista yfir þessi lyf hjá okkur.

5. **VIÐBRÖGÐ MAST:** Það sem Matvælastofnun hefur gert síðan að myndbandið var gefið út er að reyna að draga úr trúverðugleika virtra dýraverndunarsamtaka sem m.a. hafa starfað með þýsku lögreglunni. Samtökin AWF/TSB hafa stundað sína rannsóknarvinnu faglega. Samtökin hafa af sjálfsdáðum boðið fram allt það efni sem þau hafa undir höndum og boðist til þess að mæta í skýrslutöku hjá lögreglu. Yfirdýralæknir gefur það í skyn að myndbandið gæti verið klippt á einhvern hátt “eins og við þekkjum úr bíómyndum”. Yfirdýralæknir tjáir sig frekar og segist ekki geta metið alvarleika brotanna sem sjást í myndbandinu þar sem ekki er hægt að dæma um hve lengi þau áttu sér stað. Það ætti að vera öllum skýrt að þau brot sem sjást á myndbandinu eru grafalvarleg og það þarf enga skeiðklukku til að átta sig á því. Ofbeldi gagnvart dýrum á aldrei að líða, sama hvort það stendur yfir stuttan eða langan tíma.

6. **ÞJÓÐARÍMYND:** Það er enginn vafi í huga okkar að ímynd Íslands hefur hlotið álitshnekki. Mikið hefur verið fjallað um málið í fjölmiðlum erlendis. Evrópuþing hefur krafist þess að viðskipti með PMSG og framleiðsla þess verði lögð niður. Fyrr eða síðar mun þessi iðnaður leggjast af. Íslendingar ættu að sjá sóma sinn í að hætta blóðmerahaldi áður en þeir verða neyddir til þess. Hollenska þingið hefur nú samþykkt tillögu þess efnis um að stöðva noktun PMSG í svínarækt. Félag svissneskra svínabænda hefur bannað notkun PMSG vegna dýravelferðarsjónarmiða. Hægt er að nálgast samantekt af greinum sem birst hafa í allri Evrópu um málið hjá okkur.

7. **BLÓÐBÚSKAPURINN STENDUR EKKI UNDIR SÉR :** Samkvæmt Bændablaðinu hafa nær allir blóðmerabændur sagt upp samningi sínum við fyrirtækið Ísteka vegna langvarandi óánægju með greiðslur og starfshætti Ísteka. Stingur þessi staðreynd í stúf við þær yfirlýsingar Ísteka um að fyrirtækið sé stoð og stytta bænda. Við einfaldan útreikning má sjá að blóðmerabúskapurinn stendur ekki undir sér. Fyrirtækið Ísteka borgar bændum svo lágt verð fyrir blóðbrúsan að það dugir ekki fyrir framleiðslukostnaði.

**8. LAGALEGT ÁKVÆÐI:** Dýralæknar hafa ekki heimild til að framkvæma blóðtökuna en í 13 gr. í reglugerð um velferð hrossa 910/2014 er tekið fram að:

*“Ekki má framkvæma aðgerðir á hrossum, þ. á m. á tönnum þeirra, án læknisfræðilegrar ástæðu. Þó er heimilt að eyrnamarka hross, gelda hesta og fjarlægja úlfstennur að uppfylltum ákvæðum 1. mgr.”*

Læknisfræðilegur tilgangur er greining, meðhöndlun og lækning sjúkdóma og áverka, ávallt sjúklingnum í hag. Blóðtaka í iðnaðarskyni til er langt frá því að falla þar undir.

Blóðmerahald gengur gegn lögum um velferð dýra 55/2013 en 1 gr. hljóðar svo:

*“Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.”*

Hér er um að ræða merar sem upp til hópa eru ótamdar. Það er því ekki hjá því komist að þær fyllist ótta við það að vera bundnar og strappaðar niður í þröngum blóðtökubásum aðskildar folaldi sínu. Merin er svo stungin með staðdeyfilyfi sem veldur sársauka, staðdeyfung deyfir sársauka en ekki tilfinningu. Merin er meðvituð um stóru nálina í hálsinum. Þegar verkunartími staðdeyfingarlyfs er liðinn þá finnur merin sársauka og eymsli á stungustað. Blóðleysi fylgir þjáning. Einkenni eru m.a. hraður hjartsláttur, kuldatilfinning, hungur, þorsti, þreyta, svimi, slappleiki og mæði. Einkenni eru jafnan meiri við hraðan blóðmissi. Rétt er að geta þess að holdafar hefur lítið með blóðhag að gera. Það að hryssur séu í eðlilegum holdum segir ekki endilega til um ástand blóðhags

**9. ANDLEG ÁHRIF BLÓÐTÖKU:** Áhrif á merarnar er ekki eingungis bundin við líkamlegt álag heldur veldur blóðtakan þeim einnig andlegri streitu og angist eins og sést vel í myndbandinu. Hér viljum við vísa í góða grein sem íslenski dýralæknirinn Ingunn Reynisdóttir hefur skrifað: *“Þær eru reknar inn í þröngann tökubás aðskildar frá sínu folaldi, mýldar og höfuð reyrt upp, síðan er bakstrekkjari settur yfir bakið á þeim. Bara það að hún er mýld og höfuð reigt upp veldur hrossum gífurlegri vanlíðan og getur valdið algjörrri ofsahræðslu og mikilli slyshættu. Þessar aðfarir gera þeim ókleift að fara fram, aftur, til hliðar eða að þrjóna upp. Eina undankomuleiðin er að leggjast, sem er það versta sem flóttadýr getur hugsað sér til að flýja undan hættunni. Það er ekki hægt að útskýra fyrir hestinum að þetta taki einungis nokkrar mínútur, hann upplifir sig í bráðri lífshættu. Oftar en ekki eru blóðmerar lítið eða ótamdar hryssur og upplifunin er alger angist/hræðsla og sársauki og þær berjast um en komast ekki undan.”*

Og: *“Hvað gerist hjá hesti sem settur er í þessar aðstæður? Oft reynir hann að berjast um og losna, eða leggjast niður. En þegar þegar þeir finna að sama hvað þeir gera geta þeir ekki komist undan áreitinu gefast þeir upp. Þeir hestar geta farið yfir í það sem kallað er lært hjálparleysi eða learned helplessness sem er skilgreint sem andlegt ástand þar sem dýrið/einstaklingurinn lærir að það hefur enga stjórn á óþægilegum eða skaðlegum aðstæðum, öll þeirra viðbrögð eru tilgangslaus og þau eru hjálparlaus. Það eru varanlegar líffræðilegar afleiðingar sem ná mun lengra og dýpra en að geta ekki forðast áreitið eða sársaukann. Þegar hestar geta ekki komist undan sársaukanum eða áreitinu er það þeirra lausn að virðast rólegir og aðgerðarlausir til að draga ekki athygli rándýrsins að sér. Hjá þessum hestum mælist hærra magn cortisol sem er stresshormón, einnig sjást oft magasár hjá þessum hestum og eru oft með skert ónæmiskerfi.”*

**10. STARFSHÓPUR:** Það er áhyggjuefni að fulltrúi frá MAST fái nú sæti í skipuðum starfshópi ráðherra til að rannsaka eigin misbrest. Stofnunin liggur undir ámæli sem eftirlitsaðili. Það hefði verið eðlilegra, faglegra og sanngjarnara að hlutlaus dýralæknir hefði fengið úthlutað sæti í starfshópi þessum. Dýralæknir sem komið hefur við eftirlitsstörf, leyfisveitingu og setið fundi með Ísteka um blóðmerahald og verið jákvæð gagnvart framleiðslunni undanfarin ár getur ekki talist hlutlaus aðili.

## 11. UN DANTEKNING EÐA REGLA?

Á myndbandinu sést gróft ofbeldi í garð fylfullra mera þegar verið er að reka þær inn í blóðtökubása og í blóðtökubásnum. Til varnar blóðmerahaldi hafa margir fullyrt að einungis um frávík séu að ræða. Hvaða rök höfum við fyrir því? Það eru frásagnir þeirra sem hagnast á blóðtökunni sjálfri. Þekkt er að utanaðkomandi aðilum er ekki velkomið að fylgjast með blóðtöku og dæmi um þetta sjáum við á myndbandinu. Vert er að benda á að á þeim 40 árum sem þessi iðnaður hefur verið stundaður hafa hvorki rekstraraðilar né þeir sem báru ábyrgð á velferð dýra séð ástæðu til athugasemda eða kærur hvað varðar meðferð hryssanna. Á þeim tveimur vikum sem fulltrúar AWF ferðuðust milli blóðtökubæja, urðu þeir vitni að minnst 8 tilvikum sem leiddu til kærur MAST til lögreglu. Þeir sem þekkja til hrossa setja spurningamerki við það hvernig megi koma ótamdri meri inn í þröngan blóðtökubás frá folaldi sínu án átaka. Hestar læra af reynslunni og hafa gott minni, merarnar vita hvað mun eiga sér stað í blóðtökubásnum svo ólíklegt er að þær valsi inn í hann viljugar og óþvingaðar.

*Stjórn Samtaka um dýravelferð á Íslandi/Animal Welfare Iceland*

[www.dyravelferd.is](http://www.dyravelferd.is)

[dyravelferd@dyravelferd.is](mailto:dyravelferd@dyravelferd.is)

[www.facebook.com/dyravelferd](https://www.facebook.com/dyravelferd)

*Stofnað í febrúar 2022*

